

L Ö G

125

22. des.

um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1948.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þar til samþykkt hafa verið og staðfest fjárlög fyrir árið 1948, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir 1947 öll venjuleg rekstrarútgjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1948.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

126

22. des.

um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða:

1. að III. kafla laga nr. 104 30. desember 1943, um sjúkratryggingar, skuli vera í gildi til ársloka 1948, með þeirri breytingu, að hámark framlaga ríkissjóðs og sveitarsjóða samkv. 47. gr. hækki úr 12 krónum í 18 krónur á ári, grunngjaldið, og að til sama tíma skuli frestað framkvæmd III. kafla laga nr. 50 7. maí 1946, um heilsugæzlu, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndar og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr., til ríkissjóðsstyrks samkv. 77. gr. helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. um skipun lækna við slíkar stöðvar;
2. að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1948 að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi tvöfaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr.;
3. að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1948 að greiða styrki til læknavitjanasjóða samkv. lögum nr. 59 1942, samtals allt að 100 þús. krónum auk vísitöluuppbótar, enda skiptist upphæðin milli sjóðanna að fengnum tillögum landlæknis;